

eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 29. maí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvik Gízurarson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólm.

I. KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Baulutanga í Hvítbjarnarey, þaðan í Þórishólma, þaðan í Böllusker og þaðan beina línu um Lundaklett í land.

Innri höfnin takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Svartatanga í austurhorn Súgandiseyjar, þaðan í norðurhorn Landeyjar og úr vesturhorni Landeyjar í Búðanes.

Að öðru leyti afmarkast höfnin af strandlengjunni milli þessara staða.

II. KAFLI STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón Samgönguráðuneytisins og ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

Skrifstofa hreppsins sér um skrifstofuhald og reikningsskil. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið og skulu reikningarnir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

3. gr.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum þriggja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur á hendi daglegan rekstur og framkvæmdir hafnarmála yfirleitt. Hún semur áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs og gerir áætlun um framkvæmdir og viðhald og leggur síðan fyrir sveitarstjórn til fullnaðar afgreiðslu.

4. gr.

Sveitarstjórn skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið.

Hafnarvörður, eða sá, er sér um daglegt eftirlit með höfninni, mannvirkjum hennar, húsum og áhöldum, skal eiga sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Til aðstoðar hafnarstjóra og hafnarverði við daglegan rekstur hafnarinnar skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir.

III. KAFLI UM ALMENNA REGLU

5. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

6. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar. Eintak af hafnarreglugerðinni fæst afhent á skrifstofu hafnarinnar án endurgjalds og skal það vera í sérhverju skipi, er liggur á höfninni eða við bryggju eða hafnargarð.

7. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi.

8. gr.

Deim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaúðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

9. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar um meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða, sjá VI. kafla.

Notkun skotvopna er bönnuð á hafnarsvæðinu.

10. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, veiðarfærum, trossum, vírum, fiskúrgangi, dauðum fiski, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt slíkt skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta oliur eða olíumengað vatn renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina eða á hafnarmannvirki.

IV. KAFLI**UM LEGU SKIPA Í HÖFNinni OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA****11. gr.**

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins snúa sér til hafnarvarðar, sem vísar honum á legustað fyrir skipið. Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar þar, sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu, eða ástæða er til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega ekki liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnarverði með minnst tveggja tíma fyrirvara.

14. gr.

Sé nauðsynlegt talið, að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

15. gr.

Í hverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, sem getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

16. gr.

Eigi má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Séu landfestar úr jární, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlifar (friholt) milli skips og hafnarbakka eða -bryggju, óski hafnarvörður þess.

17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hættu.

Ef skip veldur skemmdum á bryggjum, tækjum eða öðrum mannvirkjum skal það að fullu bætt af viðkomandi skipi.

18. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari, né heldur kælivatni eða öðru frárennsli. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

19. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

20. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggjar hlifar milli skips og bryggju til þess að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið.

Skipstjóri skal sjá um að kjölfesta, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt þangað, sem hafnarvörður vísar til.

21. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal skipstjóri eða eigandi skips láta hreinsa bryggju þá, sem notuð hefur verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður láta gera það á kostnað eiganda skipsins.

V. KAFLI**UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI****22. gr.**

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarstjórnar. Skal það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og allt fyrirkomulag, er varðar lagningu skipsins. Leyfið er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekens frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Meðan skip liggur mannaust í lægi á höfninni, skal eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það, til að líta eftir, hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það tafarlaust.

Leyfi til að skip liggi mannaust á höfninni, er bundið því skilyrði, að skipið sé svo þétt, að álitni hafnarstjórnar, sem getur látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Áður en skipstjóri yfirgefur skipið, skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann fyrir skipið og er sú tilnefning háð samþykki hafnarstjórnar, sem getur krafizt þess að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi. Hafnarvörður heinir til umsjónarmanns öllum fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanirnar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, getur hafnarvörður látið framkvæma verkið á kostnað skips-eiganda.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

VI. KAFLI**UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA EFNA OG SPRENGIEFNA****24. gr.**

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða aðra eldfima vökva, sprengiefni, púður, dynamít, eomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farminn til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef ástæða þykir til. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu reglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu er þau koma inn á höfnina, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“, að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merkið skal hafa uppi, svo lengi sem skipið er í höfninni og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem merkinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI**UM HAFNARGJÖLD****26. gr.**

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnar-sjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt.

Undanþegin lesta og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, vitaskip, varðskip og rannsóknaskip, nema þau flytji vörur eða gegni erindum almennra skipa.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálf t lestagjald, en fullt bryggjugjald, ef þau koma að bryggju.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

27. gr.

Lestagjald.

Öll skip eða bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald kr. 2.00 fyrir hverja brúttó-rúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar með þeim undantekningum, sem áður getur. Lægsta gjald er kr. 100.00.

Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

28. gr.

Bryggjugjald.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða bólvirki, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 fyrir hverja brúttó-rúmlest. Gjaldið greiðist fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring. Lægsta gjald er kr. 100.00.

29. gr.

Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

- a. Opnir bátar greiði kr. 500.00 á ári.
- b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu eða lengur, skulu greiða kr. 60.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó-rúmlest á ári.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

- c. Önnur fiskiskip, sem hafa festa viðlegu í höfninni á skemmri tíma greiði kr. 20.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó-rúmlest á mánuði.
- d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni greiði kr. 2.00 í lesta- og bryggjugjald fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Gjald þetta greiðist þá ekki oftar en 10 sinnum í sama mánuði.

Gjöld þau, sem um getur í þessari grein, skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á öðrum skipum.

VIII. KAFLI UM VÖRUGJÖLD

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem skipað er út eða upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem í farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi, og vörur, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi.
- b. Olía, kol, salt, ís, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur hálfum eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjórn í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla eða vörur. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og farmskrá ber ekki með sér greinilega sundurliðun á tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald eftir því. Minnsta vörugjald er 10 krónur. Leiki vafi á því í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjórn skera úr um það, en úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar.

VÖRUGJALDSKRÁ**35. gr.****Brottfluttar og aðfluttar vörur.**

1. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum (sekkjum), garðávextir, steypustyrktarjárn, smíðajárn, steinefni til bygginga, sement, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur ót. a. st.
2. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Olíur alls konar og benzín.
3. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Vélar, varahlutir, rafmagnsvörur, miðstöðvarefni, vatnsrör og -pípur, byggingavörur ót. a. st.
4. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
Vefnaðarvörur og fatnaður úr hvers konar efni, efni til fatnaðar, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnivörur til iðnaðar og aðrar vörur ót. a. st., sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir 0.1 teningsmeter:
Trjáviður, húsgögn, hljóðfæri og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúm-máli.

Brottfluttar sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir.

6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur og ísaður fiskur, saltfiskur, fiskimjöl, síldarmjöl og lýsi.
7. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Síld og hrogn í tunnum, skreið, niðursuðuvörur og aðrar útfluttar afurðir ót. a. st.
8. flokkur. Gjald fyrir hvert stykki:

Stórgripir	kr. 30.00
Sauðfé og loðdýr	— 10.00
Tómar tunnur og kassar o. þ. h.	— 4.00

Aflagjald.

9. flokkur. Gjald 0.75% af verðmæti afla, lögðum á land á hafnarsvæðinu til vinnslu, verkunar eða brottflutnings.

Fiskkaupanda ber að afhenda skrifstofu hafnarinnar skýrslu um keyptan afla mánaðarlega. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Fiskkaupandi ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds og ber honum að standa hafnarsjóði skil á greiðslu þess mánaðarlega.

IX. KAFLI**ÝMIS GJÖLD TIL HAFNARINNAR.****36. gr.**

Fyrir að leggja skipum í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 0.50 af hverri brúttó-rúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring. Minnsta gjald kr. 100.00.

37. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem leigð eru ein-kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Ársleiga fyrir benzintanka, olíutanka og dælur á hafnarsvæðinu, skal vera kr. 2 500.00 fyrir hvern. Gjaldddagi er 1. apríl.

39. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða:

- | | |
|---|-------------------|
| a. Heimabátar og -skip undir 12 lestum brúttó | kr. 500.00 á ári. |
| — — — 12—50 lestir brúttó | — 1 500.00 — — |
| — — — 50 lestir og yfir, brúttó | — 3 000.00 — — |

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

- b. Öll önnur skip skulu greiða kr. 20.00 fyrir hvert tonn af vatni.

40. gr.

Aðra þjónustu, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða eftir reikningi frá hafnarstjórn.

X. KAFLI**UM HAFNSÖGU OG HAFNSÖGUGJÖLD****41. gr.**

Sérhvert skip, sem ætlar til Stykkishólms og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumannsins með hæfilegum fyrirvara, verði því við komið, eða gefa merki um að það óski að taka hafnsögumann og skal þá hafnsögumaðurinn fara til móts við skipið svo fljótt sem unnt er. Vísar þá hafnsögumaður skipinu til hafnarinnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni.

Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur eigi lokið starfi sínu um borð, að banna þeim, sem ekki eiga lögmeitt erindi að koma á skipsfjöl.

Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber því að sjá honum fyrir fæði.

42. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi eða ástæða til að ætla að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

43. gr.

Ekkert erlent skip og ekkert íslenskt skip, sem er 200 brúttó-rúmlestir eða stærra, má sigla inn eða út úr innri höfninni nema hafnsögumaður sé á skipinu, með þeim undantekningum, er síðar greinir.

44. gr.

Öll skip, 30 brúttó-rúmlestir eða stærra, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, greiða hafnsögugjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru herskip, varðskip, vitaskip og skemmtiferðaskip, svo og öll íslensk fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

45. gr.

Hafnsögugjöld skal greiða samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar: kr. 350.00 fyrir skip allt að 100 rúmlestir og kr. 1.00 fyrir hverja rúmlest umfram 100.
- b. Fyrir leiðsögn frá höfninni: kr. 350.00 fyrir skip allt að 100 rúmlestir og kr. 0.50 fyrir hverja rúmlest umfram 100.
- c. Fyrir leiðsögn um höfnina: kr. 200.00 fyrir skip allt að 100 rúmlestir og kr. 0.30 fyrir hverja rúmlest umfram 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist kr. 500.00 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim.

Þurfi hafnsögumaður að fara með skipi til annarrar hafnar, vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, ber skipinu að greiða útlagðan ferða- og fæðiskostnað, sem skipstjóri samþykkir.

46. gr.

Hinn lögskipaði leiðsögumaður skipa í Stykkishólmi skal annast þessa hafnsögu og rennur gjaldið til hans, en sjálfur sér hann um farkost til og frá skipi.

XI. KAFLI

UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU GJALDA

47. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin til hennar, eða hafnarvarðar, ef hafnarstjórn ákveður svo (sbr. þó 41. gr. um hafnsögugjöld).

48. gr.

Skipstjóri, eigandi eða afgreiðslumaður skips, ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin, áður en skipið fer burtu úr höfninni.

49. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 37. og 38. gr., greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af landi hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni.

Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, eigandi eða afgreiðslumaður, ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af aðfluttum vörum fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið. Vörugjald af brottfluttum vörum fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz vörugjaldið er greitt.

50. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar, svo og gjald fyrir að nota krana, eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, er samninginn gerir við hafnarstjórnina.

51. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

XII. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

52. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því er undirmati lauk. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

Hafnarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verða kann á eignum (skipum, munum eða öðrum verðmætum), manna eða félaga, ef þeir hafa vanrækt að fara eftir fyrirmælum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar.

53. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari heimilast að fara burtu úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

54. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, má gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, né heldur um-

boðsmaður hans, skv. 13. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

55. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

56. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún nr. 72/1965 og reglugerð um breytingu á henni nr. 91/1969.

Samgönguráðuneytið, 10. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um greiðslu bóta vegna tjóna af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja.

Hinn 21. febrúar 1969 undirrituðu váttryggingafélög þau, sem þá höfðu með höndum lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, samkomulag um greiðslu bóta vegna tjóna af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja, og gildir samkomulagið frá og með 1. janúar 1969.

Samkomulag þetta var svo hljóðandi:

1. gr.

Félögin skuldbinda sig til að greiða óskipt (in solidum) skaðabætur samkvæmt skaðabótareglum umferðarlaga og ríkjandi réttarvenjum á hverjum tíma, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í grein þessari, þegar um er að ræða:

1. Slys á mönnum, sem hlotizt hefur af notkun skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ef það hefur ekki verið upplýst innan 6 mánaða frá því að slysið varð, hvaða ökutæki slysinu hefur valdið.
 - a) Endurkröfur af hálfu þriðja aðila bætast ekki.
 - b) Bætur verða því aðeins greiddar, að telja megi sannað, að óþekkt, skráningarskyld, vélknúsið ökutæki hafi valdið slysinu.
 - c) Hámark bóta vegna sama slyssatburðar miðast við lágmarkstryggingarupphæð bifreiða á hverjum tíma (þá kr. 2 000.000.00). Nú reynast bætur vegna sama slyssatburðar hærri samtals og skal þá skipta fjárhæðinni að tiltölu milli þeirra, sem fyrir slysi hafa orðið.

Upplýsist síðar, hvaða ökutæki hefur valdið slysinu, öðlast félögin endurkröfu-rétt á hendur því tryggingafélagi, er hafði ökutækið í lögboðinni ábyrgðartryggingu, að svo miklu leyti sem þau hafa greitt tjónþola bætur.

2. Tjón á mönnum og munum, sem valdið er af þekktu skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki, sem er í notkun, en ekki hefur lögboðna ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. umferðarlaganna, er tjónið varð.